

Sp.

173. Tillaga til þingsályktunar

[86. mál]

um rannsókn á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa þrjá menn í millipinganefnd til að gera ýtarlega athugun á réttarstöðu og atvinnuskilyrðum kvenna. Að lokinni þeirri athugun skal nefndin gera tillögur um:

1. Breytingar á gildandi lögum, er nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja konum jafnrétti við karla að lögum og í framkvæmd.
 2. Ný lagaákvæði, er rétt þykir að setja til að tryggja konum sömu aðstöðu og karlmönnum til að sjá fyrir sér og sínum og njóta hæfileika sinna í starfi.
- Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram frv. til laga um réttindi kvenna. Var ætlazt til, að lögfest yrði réttarstaða kvenna að því er við kemur stjórnámálum, atvinnu- og fjármálum og launámálum. Einnig, að konum yrði tryggður sami réttur og körlum til náms og menntunar, svo og innan vébanda fjölskyldulífsins.

Frv. þetta náði ekki fram að ganga í þeirri deild, sem það var borið fram í, hv. Ed., en var afgreitt þaðan með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, að hve miklu leyti kvenfólk nýtur ekki sömu réttinda nú og karlmenn, og að þeirri rannsókn lokinni leggi fyrir Alþingi frumvarp til laga eða breytinga á eldri lögum, eftir því sem þurfa þykir, til þess að skapa sem fullkomnast lagalegt jafnrétti milli kvenna og karla í þjóðfélaginu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í framanskráðri dagskrártillögu, verði látin fram fara og gerðar tillögur í samræmi við þær niðurstöður, sem komizt verður að.

Því ber ekki að neita, að réttindamálum kvenna hefur mikið þokað í rétta átt síðustu áratugi, einkum á sviði félagsmála og að því er snertir möguleika til menntunar. Hins vegar skortir mikið á, að konur hafi í atvinnu- og launámálum fullt jafnrétti við karla. Víðast hvar eru konum greidd lægri laun en körlum fyrir vinnu sína, þótt um alveg hliðstæð störf sé að ræða. Einnig eru störf flokkuð eftir því, hvort ætlazt er til, að þau séu unnin af konum eða körlum, og þá goldið hærra fyrir þau störf, er karlar vinna. Þessi flokkun virðist víða vera af algerðu handahófi gerð, og er nú svo komið fyrir aukna tækni, þar sem vélar vinna erfiðustu störf — og þá einkum þau, sem talin voru karlmannaverk —, að hin svokölluðu kvennastörf gera meiri kröfur til verkþæfni heldur en störf í sömu starfsgrein unnin af karlmönnum, þótt hin síðarnefndu séu betur launuð.

Misrétti það, sem hér á sér stað, verður ekki lagað, nema málið sé vandlega athugað með tilliti til þess að ákveða, hvar löggjafarvaldið getur gripið inn í, og er ætlazt til, að tillögur þær, sem hér er gert ráð fyrir, geti orðið til úrbóta og jafnframt fyrsti undirbúningur að lausn á vandasömu máli.